

Viðauki við húsaleigusamning dags 16. júní 2006 þar sem Hafnarfjarðarkaupstaður leigir Hringhelli 14 í Hafnarfirði, matshluta 0101 0102 og 0103 af Þrastarverki ehf.

Aðilar: Þrastarverk ehf., kt. 540502-5870 (leigusali)
Hafnarfjarðarbær, kt. 590169-7579, (leigutaki)

Varðar: Húsaleigusamningur dags 16. júní 2006 um Hringhelli 14 í Hafnarfirði, matshluta 0101, 0102 og 0103.

Aðilar eru sammála um að við 10. gr. bætist við í fyrirsögn **og forkaupsréttur**. Við 10. gr. bætist við eftirfarandi málsgrein:

Leigutaki hefur forkaupsrétt að hinu leigða. Forkaupsréttur skal boðinn leigutaka skriflega með ábyrgðarbréfi eða öðrum jafn sannanlegum hætti og skal fylgja kauptilboð sem leigusala hefur borist í hið leigða ásamt greiðsluskilmálum. Leigutaki skal svara því skriflega, innan 15 daga frá því hann hefur mótttekið forkaupsréttarboð, hvort hann vilji nýta sér forkaupsrétt að hinu leigða, með þeim kjörum sem fram koma í kauptilboði. Hafi svar ekki borist innan tilgreinds tíma, telst leigutaki hafa hafnað rétti sínum. Forkaupsréttur telst ekki hafa verið réttilega boðinn leigutaka nema honum hafi verið boðið skriflega að nýta sér forkaupsrétt með þeim kjörum sem endanlega er samið um við kaupanda hins leigða.

Eftir breytingu er 10. gr. húsaleigusamnings svohljóðandi:

Forleiguréttur og forkaupsréttur

10.gr.

Leigutaki hefur forleigurétt af hinu leigða að leigutíma liðnum. Vilji leigutaki nýta sér forleiguréttinn skal hann tilkynna leigusala það skriflega og með sannanlegum hætti a.m.k. þremur mánuðum áður en leigusamningurinn rennur út við lok uppsagnarfrests eða við lok umsamins leigutíma.

Leigutaki hefur forkaupsrétt að hinu leigða. Forkaupsréttur skal boðinn leigutaka skriflega með ábyrgðarbréfi eða öðrum jafn sannanlegum hætti og skal fylgja kauptilboð sem leigusala hefur borist í hið leigða. Leigutaki skal svara því skriflega, innan 15 daga frá því hann hefur mótttekið forkaupsréttarboð, hvort hann vilji nýta sér forkaupsrétt að hinu leigða, með þeim kjörum sem fram koma í kauptilboði. Hafi svar ekki borist innan tilgreinds tíma, telst leigutaki hafa hafnað rétti sínum. Forkaupsréttur telst ekki hafa verið réttilega boðinn leigutaka nema honum hafi verið boðið skriflega að nýta sér forkaupsrétt með þeim kjörum sem endanlega er samið um við kaupanda hins leigða.

Hafnarfirði,

f.h. Þrastarverks ehf

f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar

Vitundarvottar að rétttri dags og undirritun: